**Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 7. bekkur**
**skólaárið 2023 - 2024**

**Kennari:** Jóhanna Kristín Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

## Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Geti valið og notað helstu verkfæri og mælitæki á réttan hátt.<br><br>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið, Lindirtré og furu. Kynnast plexigleri.<br><br>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum | Nemendur þjálfast í að nota verkfærin sem þau hafa unnið með fram til þessa og bæta fleirum við eins t.d. handhefli.<br>Helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.<br><br>Kynnast verkefnum af ýmsum toga | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.<br><br>Frammistaða í tímum er metin. |
| **Hönnun og tækni** | Tjáð hugmyndir sínar með þrívíðri skissu<br><br>Geti gert vinnuteikningu og málsett hana.<br><br>Lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni.<br><br>Valið samsetningar sem hæfa. | Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á efnivið sem á að nota. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Geti sagt frá orkugjöfum sem nota má í smiðaverkefnum.<br><br>Geti bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.<br><br>Geti greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br><br>Notað yfirborðsmeðferð á mismunandi hátt. | s.s. vogarafl gorma og teygjur<br><br>s.s. tölvur, símar, ský, þurfum ekki að fara út í búð, getum pantað og borgað í gegnum netið. Margir geta unnið sína vinnu heima (eins og menn gerðu I covid).<br><br>s.s. afhverju notum við hnífapör og afhverju eru þau alltaf svipuð?<br><br>Nemendur þjálfist að nota akrýlliti, bæs, lökk og persónuhlífar. | |
| **Umhverfi** | Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt<br><br>Geti gert grein fyrir hvort og hvaða efni séu hættuleg.<br><br>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.<br><br>Ræðum um hluti sem hægt væri að lengja líftíma. | Nemendur læri um íslenskar viðartegundir og vinni verkefni tengdum þeim.<br><br>Endurnýtum efni.<br><br>Sem dæmi: ef til er ostaskeri heima hjá nemendum sem hefur bilað handfang væri hægt að koma með hann og laga eða gera nýtthandfang | Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaefnum.<br><br>Metin er hæfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Vera meðvituð um rétta vinnustellingar og notað viðeigandi hlífðarbúnað. | Nota hlífðargleraugu og eyrnahlífar | |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og efni á netinu til hugmyndavinnu.  Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.
Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.
Nemendur fá endugjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt